



Reykjanesbær, 12. nóvember 2025
Málsnr. 2022100203

Minnisblað

Leikskólinn Drekaðalur í nýtt húsnæði

Leikskólinn Drekaðalur, sem starfað hefur síðustu 15 mánuði í bráðabrigðaaðstöðu í ráðhúsi Reykjanesbæjar á Ásbrú, mun opna mánudaginn 17. nóvember nk. í nýju og glæsilegu húsnæði sem stendur við Drekaðal í Njarðvík. Skipulagsdagar á haustönn verða teknir 13. og 14. nóvember og leikskólinn verður þá lokaður og starfsfólk ásamt starfsfólki úr þjónustumiðstöð sveitarfélagsins mun flytja húsgögn og allan búnað og gera húsnæðið klárt til að taka vel á móti börnum og foreldrum. Öryggisúttekt á húsnæðinu fór fram 11. nóvember og gekk vel.

Foreldrum var boðið að koma og skoða nýja húsnæðið þann 21. október sl. milli kl. 16:00 - 17:00. Gaman var að sjá hversu margir foreldrar komu og var mikil ánægja með hvað húsnæðið væri glæsilegt.

Mikil tilhlökkun er meðal stjórnenda, kennara og starfsfólks til að geta flutt í nýja leikskólann. Því er ekki að neita að mikið hefur mætt á stjórnendum og starfsfólki að vinna með börnum í húsnæði sem ekki er hannað til þess.

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi.